



Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

### Útboð 15451 „Þjónusta við þráðlausa senda og netskápa í grunnskólum Reykjavíkurborgar.“

Tilboð í ofangreindu EES útboði Þjónustu- og nýsköpunarsviðs (PON) voru opnuð þann 29. apríl sl. Þessu útboði var skipt í tvo hluta:

- Hluti 1: Mælingar/Lagnavinna
- Hluti 2: Netskápar/Skápalásar

Skiluðu þrjú fyrirtæki fyrirtæki inn tilboðum, sbr. neðangreind tafla.

Eftirfarandi tilboð bærust:	Tilboðsfjárhæð án vsk.		
1 Advania Ísland ehf	Hluti 1	Kr.	105.678.320
2 Öryggismiðstöð Íslands hf	Hluti 2	Kr.	127.996.300
3 Securitas hf	Hluti 2	Kr.	89.947.443
Kostnaðaráætlun	Hluti 1	Kr.	58.500.000
Kostnaðaráætlun	Hluti 2	Kr.	99.200.000

Samtals voru 2 viðaukar sendir út. Í viðauka dags. 6. apríl 2022 var að finna svör við fyrirspurnum. Viðauki dags. 15. apríl 2022 innihélt tímafresti vegna páska og frekari svör við fyrirspurnum.

Forsendur fyrir vali tilboðs voru eftirfarandi, sbr. grein 0.8 í útboðsgögnum: „Samið verður við þann bjóðanda sem á hagstæðasta gilda tilboð á grundvelli lágsta verðs í hvorn hluta fyrir sig“. Jafnframt stendur „Tilboð bjóðanda í hvorn hluta fyrir sig telst óaðgengilegt ef bjóðandi býður hærra verð en kostnaðaráætlun kaupanda gerir ráð fyrir.“

Í hluta 1 barst einungis eitt tilboð frá Advania Ísland ehf. sem reyndist langt yfir kostnaðaráætlun kaupanda eða 81% yfir kostnaðaráætlun og því leggur kaupandi til að tilboðinu verði hafnað.

Í hluta 2 bærust tvö tilboð, frá Öryggismiðstöð Íslands hf. og Securitas hf. Lægra tilboðið átti Securitas hf. Innkaupaskrifstofa hefur yfirfarið tilboð lágstbjóðanda m.t.t. til krafna um fjárhagslegt hæfi og hefur staðfest að lágstbjóðandi, Securitas hf., uppfylli kröfur um fjárhagslegt hæfi. Kaupandi hefur yfirfarið tilboð Securitas hf. og staðfestir að kröfur um tæknilegt og fjárhagslegt hæfi eru uppfylltar. Leggur kaupandi því til að ganga að tilboði Securitas hf. að upphæð 89.947.443 kr., þar af eru valkvæð kaup að upphæð 38.985.744 kr., enda uppfyllir það allar kröfur útboðsgagna og er jafnframt lágsta gilda tilboðið.

Virðingarfyllst,  
Friðþjófur Bergmann  
Upplýsingatæknistjóri (CIO) í Upplýsingatækniþjónustu  
Þjónustu og nýsköpunarsvið